

3. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna, svo sem ljósritunar.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skv. 2. og 3. tölul. skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði. Sé um að ræða gjaldtöku þar sem Landmælingar Íslands eru í samkeppnisrekstri skal stofnunin setja gjaldskrána og gefa hana út.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Siv Friðleifsdóttir.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.065 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 4.578 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Pálmadóttir.*

## LÖG

**um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „tölvunefndar, sbr. lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: Persónuverndar, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

## LÖG

### um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### **Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 500 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2001.

#### **Um afnám laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.**

2. gr.

Lögin falla úr gildi 1. janúar 2001.

3. gr.

Ríkissjóður yfirtekur eignir og skuldir erfðafjárjóðs miðað við stöðu þeirra 31. desember 2000.

#### **Um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.**

4. gr.

Í stað orðanna „til erfðafjárjóðs“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: í ríkissjóð.

#### **Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.**

5. gr.

- a. 1. tölul. 39. gr. laganna fellur brott.
- b. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra greiðist á árinu 2001 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

#### **Um breytingu á erfðalögum, nr. 8/1962.**

6. gr.

- a. Í stað orðsins „erfðafjárjóð“ í fyrri málslið 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: ríkissjóð.
- b. Síðari málsliður 1. mgr. 55. gr. laganna fellur brott.